

**Fundargerð 395. fundar
framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands,
haldinn 25. nóvember kl. 16.00 í zoom fjarfundi.**

Fundinn sátu:

Sandra B. Franks, formaður
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri
Jóhanna Traustadóttir, ritari
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður

Fundarritun:

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ
Gestir fundarins voru fulltrúar í Fræðslunefnd SLFÍ
Birna Ólafsdóttir formaður fræðslunefndar
Hafdís Dögg Sveinbjarnardóttir
Guðrún Lárusdóttir
Lára María Valgerðardóttir
Jakobína Rut Daníelsdóttir
Hulda Birna Frímansdóttir

Dagskrá

1. Fundur settur
2. Fundargerð síðasta fundar
3. Fræðslumál
 - Framvinda á diplómanámi við Háskólann á Akureyri, námskeið hjá Framvegis, raunfærnimat sjúkraliða og rafrænt námsmatskerfi á mínum síðum.
 - Átaksverkefni til að fjölga sjúkraliðum - skýrsla heilbrigðisráðherra:
[Aukin framleiðni og gæði heilbrigðisþjónustu með nýju fjármögnunarkerfi og leiðbeinandi viðmiðum](#)
 - Styttning vinnuvikunnar, betri vinnutími - innleiðing
 - *Stjórn Fræðslunefndar SLFÍ eru fundargestir undir þessum lið.*
4. Til afgreiðslu
 - Fyrirmyndastjórnandi ársins 2020
 - Jólstyrkir félagsins til góðgerðamála
5. Upplýsingar um stöðu mála
 - EPN dagurinn
 - Jöfnun launa á milli markaða
 - Samráðshópur BSRB um lífeyrismál
 - Opnun Gagnalindar BSRB
 - Þjónustukönnun um orlofsmál og Sjúkraliðann
 - Lögfræðileg málefni
 - Kjarasamningar/stofnanasamningar
 - Sjúkraliðinn og Vaktabókin

Önnur mál

Fundargerð

1. Fundur settur

Sandra B. Franks (SBF) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) setti fund og bauð fundarmenn velkomna til zoom – fundar og gerði grein fyrir að fulltrúar í Fræðslunefnd SLFÍ væru á fundinum undir þriðja dagskrárlið.

2. Fundargerð síðasta fundar

Jóhanna Traustadóttir (JT) ritar SLFÍ gerði grein fyrir að síðasta fundargerð væri samþykkt og komin á heimasíðu félagsins.

3. Fræðslumál

SBF bauð fulltrúa fræðslunefndar SLFÍ sérstaklega velkomna til fundar framkvæmdastjórnar þ.s. ræða á stöðu og þróun menntamála. Hún og Birna Ólafsdóttir (BÓ) formaður fræðslunefndar fóru yfir það helsta sem er í gangi og hefur verið að gerast;

- SBF og BÓ gerðu grein fyrir vinnunni við undirbúning fagháskólanámsins. Fram kom að vinnan hafi verið krefjandi, en mjög fagleg og lausnarmiðuð. Á fundi undirbúningshóps fagháskólanámsins þann 23. nóvember kom fram að fagháskólanám sjúkraliða við Háskólann á Akureyri hafi verið samþykkt af þeim fagráðum skólans, sem þurftu að votta að námið standist allar kröfur sem til þess eru gerðar. Nú liggur það endanlega fyrir að námið fer af stað haustið 2021. Næstu skref eru að fara í gegnum spurningar sjúkraliða varðandi námið og svara þeim eftir bestu getu til að allir verði sem best upplýstir um allt er varðar námið. Þessar spurningar verða nýttar inn í kynningargögnin varðandi námið. Næst er fundur í nefndinni 7. desember þ.s. unnin verða drög að kynningu námsins.
- BÓ gerði grein fyrir að mjög mikil aðsókn væri á námskeiðin hjá Framvegis, sem væru í fjarfundi. Fagráðið fundaði nýverið og þar hefði komið fram hjá fulltrúum Framvegis að mjög erfitt væri að fá kennara/leiðbeinendur. Stefnt er að því að halda áfram með námskeið sem hafa verið vinsæl. Mikil ánægja er með fjarfundarform námskeiðanna. Námskráin verður kynnt í desemberblaði félagsins. SBF gerði grein fyrir námskeiði sem hún fór á hjá Framvegis, sem hún var mjög ánægð með og fjallaði um hjúkrun vegna líkamlegra sjúkdóma o.fl.
- SBF og BÓ fóru yfir að í farvatninu væri að starfsmenn sem hefðu ákveðna reynslu af umönnun gætu farið í raunfærnimat til sjúkraliðanáms, sem fram færi á vegum félagsins, Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, FÁ og Framvegis mun sjá um ut anumhald og framkvæmd. Hugmyndin er að einstaklingar fái metna færni sína burt séð frá hvar hennar var aflað, í skóla eða í starfi. Þetta mat verður í boði fyrir þá sem ekki hafa útskrifast úr framhaldsnámi, hafa 3 ára starfsreynslu í heilbrigðisgeiranum og eru orðnir 23 ára.
- SBF gerði grein fyrir að nýja námsmatskerfið væri í smíðum og væri búið að vera í vel á annað ár, en það væri vonandi á lokametrunum.
- Rætt var um átaksverkefnið í að fjölga sjúkraliðum og rætt um skýrslu heilbrigðisráðherra þ.s. sérstaklega er fjallað um aðferðir og leiðir að því marki. SBF fór yfir ákveðna punkta sem hún vann upp úr skýrslunni og vörðuðu mikilvægi fjölgunar sjúkraliða. Í skýrslunni er m.a. samanburður við heilbrigðisþjónustu á samanburðarhæfu svæði í Svíþjóð (Skáni).

- Stytting vinnuvikunnar bæði í dag- og vaktavinnu er í góðu ferli þ.s. verkefndahópur vinnur ötullega að kynningu og innleiðingu bæði meðal stjórnenda, starfsmanna og stéttarfélagana. Fram kom á fundi með forsvarsfólki BSRB að víða eru töluverð vandamál og þá sérstaklega hjá starfsmönnum sveitarfélaga varðandi dagvinnuna. Rætt var um að mjög góðar upplýsingar eru á síðunni betri vinnutími .is. og styttri.is. Einnig er búið að búa til facebook síðu varðandi sama málefni. BSRB er í forsvari fyrir kynningarherferð sem er í gangi varðandi styttingu vinnuvikunnar.

4. Til afgreiðslu

- Rætt var um hvaða góðgerðasamtök yrðu styrkt þetta árið og var ákveðið að styrkja PEPP samtökin, sem styðja við fátækt fólk um allt land.
- SBF fór yfir þá aðila sem tilnefndir voru sem stjórnendur ársins og gerði grein fyrir tillögu valhópsins um hver yrði fyrir valinu þetta árið. Allir sammála því vali, en fram kom að fyrirmyndar stjórnandi ársins er á Reykjavíkursvæðinu og verður hann heiðraður af félaginu í takt við ástandið í samfélaginu. Stjórnandinn verður kynntur í desemberblaði félagsins.

5. Til upplýsinga

- EPN dagurinn er í höndum hveftrar svæðisdeildar og verður framkvæmdur í takt við ástandið á hverjum stað fyrir sig. SBF sagði frá að hún hafi sent bréf til heilbrigðisráðherra og stjórnenda stofnanna þ.s. minnt er á Evrópudag sjúkraliða. Fram kom að hún og vinnufélagi hennar á LSH hefðu farið í viðtal við stjórnanda facebookvefs LSH vegna Evrópudagsins, þ.s. ýmis málefni sjúkraliða voru rædd.
- Jöfnun launa á milli markaða er á borði BSRB og eru þeir sem að því koma að nálgast hugmyndir um aðferðafræðina varðandi þá vinnu.
- SBF fór yfir að stofnaður hafi verið samráðshópur innan BSRB sem á að móta hugmyndir/vilja bandalagsins varðandi framtíð lífeyrismála opinberra starfsmanna. Fram kom á fyrsta fundi töluverðar áhyggjur af því að framundan sé varnarbarátta um þau lífeyriskjör sem opinberir starfsmenn þó hafa.
- Rætt var um að BSRB væri að opna svo kallaða Gagnalind þ.s. haldið verður utan um helstu upplýsingar um laun og launakjör aðildarfélagana BSRB.
- GÖG gerði grein fyrir stöðu lögfræðilegra álitamála sem væru í vinnslu hjá lögmanni félagsins.
- GÖG fór yfir stöðu þeirra kjarasamninga við smærri stofnanir sem eftir stóðu þegar búið var að semja við SFV og hafa ekki klárast enn þá. Þau sem ósamið er við er Reykjalundur, HNLFÍ og MS setrið. HNLFÍ er í lokavinnslu, en Reykjalundur óskaði eftir fresti fram í desember vegna covid, en þar virðast launagreiðendur hafa ákveðið að greiða samkvæmt nýju launatöflunum við ríkið og hófu það í vor án samráðs við félagið. Ekki er verið í viðræðum við MS setrið þ.s. í undirbúningi er málssókn gagnvart þeim vegna vandefnda á framkvæmd núgildandi stofnanasamnings.
- Blaðið og vaktabókin eru í vinnslu og komast vonandi út til félagsmanna fyrir jólaösinna. Vaktabókinni verður ekki pakkað í ár þ.s. ekki er ráðlegt að stefna saman þeim hópi vegna margnefnds ástands. Bókin, plastið og blaðið verða sent í einum pakka til félagsmanna.

- Önnur mál

- Næsta þing SLFÍ á tímum covid?
Stefnt er að því að halda þingið í þeirri von að núverandi ástand verði gengið yfir.
- Uppstillingarnefnd á tímum covid?
Málið rætt og ákveðið að fara nánar yfir það á næsta félagsstjórnarfundum og leggja það til þar að gefinn verði tími fram í febrúar í þeirri von að ástandið í samfélaginu verði orðið eðlilegt.
- Val á trúnaðarmönnum á tímum covid?
Málin rædd og ákveðið að fresta öllu fram í febrúar og sjá hver staðan er þá. Varðandi trúnaðarmenn þá verði málið afgreitt á raf
- GÖG gerði grein fyrir að búið væri að ganga frá sölunni á Safamýri 36, en ekki væri búið að fá nýju íbúðina afhenta.
- SBF hvatti stjórnarmenn til að taka þátt í heilbrigðisþinginu, sem verður rafrænt þann 27. nóvember.

Fundi slitið kl. 18.40